

Dagskrárliður 3

Tillaga um breytingu á endurkaupaheimild stjórnar.

Þann 14. mars 2019 samþykkti aðalfundur Heimavalla hf. neðangreinda endurkaupaheimild:

“Stjórn Heimavalla hf. leggur til við aðalfund haldinn 14. mars 2019 að félaginu verði heimilt að kaupa allt að 10% af eigin hlutafé. Kaup eigin hluta skulu fara fram í samræmi við skilyrði 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Heimild þessi gildir næstu 18 mánuði frá samþykki aðalfundar.”

Stjórn Heimavalla hf. leggur til við hluthafafund félagsins að neðangreind tillaga um kaup á eigin hlutum verði samþykkt og komi í stað núverandi heimildar stjórnar félagsins til að kaupa eigin hluti sem veitt var á aðalfundi félagsins þann 14. mars 2019:

Hluthafafundur Heimavalla hf. þann 30. ágúst 2019 heimilar stjórn félagsins að kaupa í eitt skipti eða oftar á næstu 8 mánuðum hlutabréf í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 3% af hlutafé þess, þ.e. að hámarki kr. 337.541.932 að nafnverði, í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun. Heimild þessi byggir á ákvæðum 55. gr. laga nr. 2/1995, en kaupin séu liður í lækkun hlutafjár, í skilningi 57. gr. sömu laga.

Endurkaupaáætlunin verður framkvæmd af óháðum utanaðkomandi aðila, verðbréfafyrirtæki eða lánastofnun, sem tekur þar með allar viðskiptaákvæðanir er varða kaup á hlutum og tímasetningu kaupanna óháð félaginu. Fjöldi hluta sem keyptur skal samkvæmt endurkaupaáætluninni verður að hámarki 337.541.932 hlutir, en það jafngildir um 3% af útgefnu hlutafé félagsins. Kaupin verða framkvæmd í áföngum með þeim skilyrðum að kaup hvers dags mega að hámarki vera 25% af meðaltali daglegra viðskipta með hlutabréf félagsins í Kauphöll Íslands í mánuðinum á undan þeim mánuði þegar áætlunin er birt opinberlega. Stjórn Heimavalla hf. er heimilt að nýta sér undanþágu á framangreindu 25% reglu, uppfylli félagið skilyrði 7. mgr. 5. gr. viðauka („viðskipti með eiginbréf í endurkaupaáætlunum og verðjöfnun fjármálagerninga“) við reglugerð nr. 630/2005 þar sem fram kemur að heimilt sé að hækka framangreind viðmið upp í 50% við tilteknar aðstæður.

Viðskipti félagsins með eigin hluti í samræmi við endurkaupaáætlunina skulu tilkynnt í samræmi við lög og reglugerðir.

Heimild þessi skal gilda fram að aðalfundi félagsins 2020, en þó aldrei lengur en til 30. apríl 2020.“